

Fjármálaráðuneytið
Bjarni Benediktsson ráðherra
Fjármálaráðuneytinu
Arnarhváli

Reykjavík, 28. október 2015

Efni: Expressþjónusta Fríhafnarinnar – ítrekun

Vísað er til fyrra bréfs Félags atvinnurekenda til ráðherra, dags. 12. ágúst 2015. Þar var spurt um afstöðu ráðuneytisins til pöntunarþjónustu Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svokallaðrar Express-þjónustu.


Rifað var upp að Félag íslenskra stórkaupmanna, forveri FA, sendi þáverandi fjármálaráðherra fyrirspurn um sambærilega þjónustu Fríhafnarinnar, sem þá nefndist símasala, 7. ágúst 1996. Daginn eftir barst svarbréf frá Friðrik Sophussyni ráðherra og í framhaldinu tóku stjórnvöld fyrir símasöluna. Í bréfi FA til ráðuneytisins í ágúst síðastliðnum var spurt: „Hefur afstaða fjármálaráðuneytisins til slíkrar pöntunarþjónustu á vegum Fríhafnarinnar breytt? Ef ekki, til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa?“

Þá spurningu má jafnframt setja í samhengi við ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins um atvinnuvegi, sem samþykkt var um síðustu helgi. Þar segir: „Rekstur verslunarmiðstöðvar við alþjóðaflugvöllinn á ekki að vera meðal verkefna hins opinbera, hvorki komu- né brottfararverslun.“

Í nýju áliti Samkeppniseftirlitsins, sem beint var til innanríkisráðherra í síðustu viku, segir að Isavia, móðurfyrirtæki Fríhafnarinnar, hafi „neikvætt viðhorf til samkeppni“. Forsvarsmenn ríkisfyrirtækisins eru þó mjög áhugasamir um samkeppni við verzlunina í landinu, enda er Fríhöfnin orðin stærsti snyrtivörusali landsins og hefur fært út kvíarnar í nærföt og leikföng, svo dæmi séu tekin. Með rekstri pöntunarþjónustunnar er þessi ríkisrekna samkeppni við einkaaðila komin út fyrir öll eðlileg mörk, eins og rökstutt var í fyrra bréfi FA.

FA leyfir sér að ítreka ósk sína um afstöðu ráðuneytisins, enda eru nú liðnar tíu vikur án þess að svar hafi borizt.

Með vinnsemd og virðingu,


Ólafur Stephensen
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda